

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Vestmannaeyjabæ.

Breyting á deiliskipulagi miðbæjar Vestmannaeyja, 2. áfangi – Strandvegur 51.

Bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar samþykkti 11. september 2024 tillögu að breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Vestmannaeyja, 2. áfangi, vegna uppbyggingar við Strandveg 51.

Breytingin felst í meginatriðum í stækkun byggingarreits, auknu byggingarmagni og viðbætti 4. hæð á lóð við Strandveg 51. Grunnflötur byggingarreits stækkar frá 334,6 m² í 456 m² og hámark heildarbyggingarmagns eykst frá 849,2 m² í 1.426 m².

Hámarksfjöldi íbúða verður 8 íbúðir. Krafa er um atvinnustarfsemi á jarðhæð við Strandveg en við Herjólfsgötu er gert ráð fyrir bílastæðahúsi fyrir allt að 4 bíla. Samkomulag hefur verið gert um almenna notkun bílastæða við Strandveg 50 utan dagtíma.

Þakform er með breyttum hætti, var mænispak en verður hallandi eða flatt þak. Skilgreind er hámarksveggghæð 3. hæðar, 9,5 m. Fjórða hæð skal vera inndregin um að lágmarki 1,2 m og verður hámarkshæð 4. hæðar 14 m en var 14,5 m. Gert er ráð fyrir inndregnum hliðum á suður- og austurhlið hússins, auk þess sem uppbrot verður skapað með útdregnum reitum á 2. og 3. hæð.

Uppdráttur gerir einnig grein fyrir áður samþykktum og þinglýstum breytingum á lóðarmörkum Strandvegar 55 og Miðstrætis 30. Skipulagsmörk upphaflegs deiliskipulags færast um 2 metra til norðurs frá Strandvegi 43a til Strandvegs 63.

Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð skv. ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Vestmannaeyja, 12. nóvember 2024,

Dagný Hauksdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 26. nóvember 2024